



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í júní. Efni þarf að berast í síðasta lagi 1. júní 2019



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opð:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku. Það er um að gera að nýta „Mínar síður“ í Gegnir / Leitir til að sjá skiladag, framlengja og fleira. Miklu munar að bókum sé skilað á réttum tíma – skilalúgan er alltaf opin.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Gegnir



leitir.is

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími :

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



**Tækjasalur í Íþróttahúsi.
Opnunartími**

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00

Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og þetta árið kom hann „mánuði“ fyrr en í fyrra. Það verður að segjast að ég man ekki eftir því að gróður hafi komist eins fljótt af stað og maður fer að nálgast skilgreininguna „svo lengi sem elstu menn muna“ eða þannig. Það væri allvegana dálítið skrýtið að fyrsti sláttur og sauðburður renni saman. Kannski verður það áskorun fyrir einhverja að láta það gerast.

Nú liggur fyrir ársreikningur vegna ársins 2018 og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam tæpum 66 millj. sem er ívið meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu ástæður þess eru að áætlanir stóðust að mestu og tekjur ívið meiri, sérstaklega vegna sértekna. Það var ánægjulegt að áætlanir um útgjöld reyndust nokkuð raunhæfar og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika. Það er samt nauðsynlegt að sveitarfélagið sé rekið með þeim hætti að afgangur dugi helst fyrir venjulegum fjárfestingum og viðhaldsverkefnum. Skuldahlutfall sveitarfélagsins var svipað og á síðasta ári eða um 78% en svokallað skuldaviðmið var rúmlega 51%.

Fjárfestingar voru fjármagnaðar án lántöku nema 30 millj. vegna Hrunaljóss og síðan þurfti að taka 100 millj. að láni til að fjármagna greiðslur til Brúar Lífeyrissjóðs. Það var ánægjulegt að Flúðaorka hélt morgunverðarfund upp í Kópsvatnsvirkjun á sumardaginn fyrsta en verkefnið er að mjakast áfram út úr tilraunaframleiðslu. Ljóst er að mikið er lagt á sig af hálfu framleiðanda tækjanna að þau standi sýna „plikt“ og greinilega tímafrekt að vera í frumkvöðlastarfi. Annað mál sem tengist rafmagni, og líka mjög ánægjulegt, er að skrifað hefur verið undir samstarfssamning um rafvæðingu á Kjalarsvæðinu. Sveitarfélagið styður verkefnið og leggur í það 7,5 millj. en vonandi fylgja líka nauðsynlegar vegaumbætur í kjölfarið þannig að svæðið geti notið sín og þjóðleiðin norður í land verði að veruleika.

Nú er að komast reynsla á breytingar á sorphirðunni og opnunartíma á gámasvæðinu. Nýjustu tölur fyrir úrgangsmagn í mars er að 2,4 tonn voru af lífrænum úrgangi, 1,1 tonn af plasti/pappa en 28,7 tonn af almennum úrgangi. Skv. þessum tölum er alltof mikið að koma af almennum úrgangi, þ.e. opnum gámum í sveitarfélaginu og gámasvæðinu og gráu tunnunni.

Mig grunar að það séu fyrirtækin og sumarhúsaeygendur sem ekki eru að standa sig en einnig þarf sveitarfélagið að koma upp betri flokkunaraðstöðu til að geta útrýmt lausum gámum. Gámurinn í Langholtsfjalli var fjarlægður um daginn en loksins varð okkur nóg boðið af umgengni um gáminn því hann bar merki um að hafa verið brotinn upp og svo var hann t.d. fullur af húsgögnum o.fl. sem eiga að sjálfsögðu ekkert erindi í heimilissorp. Bendi ég aðilum sem notað hafa gáminn á gámasvæðið á Flúðum eða gáminn við Stóru-Laxárbrú vegna heimilisúrgangs.

Í tilefni rusladagsins þann 10. maí n.k. vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort það er í skipulegri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Þessi málaflökkur snertir bæði umhverfismál almennt og einnig ásýnd sveitarinnar. Við viljum fá sem flestan úrgang frá aðilum innan sveitarfélagsins á gámasvæðið á Flúðum eða á grenndarstöðvar okkar. Síðan held ég, eins og nú reyndar víða er bókað, að við eigum formlega að kalla rusladaginn okkar umhverfisdaginn en aftur á móti er ómögulegt annað en ruslamálaráðherrann haldi nafni sínu. Hitt kallaði á að það væru tveir „umhverfisráðherrar“ í landinu.

Þá er alltaf ánægjulegt þegar einstaklingar í sveitarfélaginu ná góðum árangri á hinum ýmsu sviðum. Þar má nefna Guðjón Örn frá Skollagróf sem sópaði til sín öllum tamningaverðlaunum sem í boði voru á Skeifudeginum í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Þá er einnig ánægjulegt að öflugt starf UMFH er enn og aftur að skila afreksfólki í íþóttum sem skilar sér í landslið Íslands. Nú voru valin í landsliðsverkefni U-15 í körfubolta þau Ingibjörg Bára Pálsdóttir og Hringur Karlsson og í U-16 þeir Eypór Orri Arnason og Aron Ernir Ragnarsson. Óska ég þessum einstaklingum til hamingju með árangurinn.

Að lokum vil ég minna á íbúafund sem haldinn verður í kaffistofunni í Félagsheimilinu mánudaginn 13. maí kl. 20:00. Þar verður fjallað um niðurstöðu ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2018 og einnig verður farið yfir verkefnið Heilsueflandi samfélag í Hrunamannahreppi. Reyndar verður skrifað undir samning við Landlækni um Heilsueflandi samfélag þann 23 maí n.k. vonandi í Kvenfélagsskóginum ef veður leyfir. Hvet ég alla áhugasama að mæta til skrafs og ráðagerða um málefni sveitarfélagsins.

Eigum góða tíma saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Um leið og ég óska ykkur gleðilegs sumars vil ég minna á fermingar- og hátíðarmessur á uppstingningardag og um hvítasunu.

30. maí – uppstingningardagur: *Ferming* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Fermdar verða Guðrún Hulda Hauksdóttir, Ásastíg 7 Flúðum og Rebekka Georgsdóttir, Ólafsvöllum.

Messa í Skálholtskirkju 14 á degi eldri borgara.

9. júní – hvítasunnudagur: *Hátíðarmessa og ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11. Fermd verða frændsystkinin frá Hæli, þau Bryndís Einarsdóttir og Eiríkur Logi Gunnarsson.

Ferming í Hrunakirkju kl. 13.30. Fermd verða:

Anna María Magnúsdóttir Balusanu, Högnastíg 4 Flúðum

Birgir Valur Thorsteinson, Garðastíg 7 Flúðum

Eyrún Hjálmarsdóttir, Austurhofi 5 Flúðum

Matthildur Sif Pálsdóttir, Árbæ

Óðinn Freyr Árnason, Vesturbrún 6 Flúðum

Patrik Gústafsson, Syðra-Seli 3

Sveinn Jökull Sveinsson, Hrafnkelsstöðum 2

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins hruni.is og fésbókarslóðina, facebook.com/hrunaprestakall.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Heilsueflandi samfélag

Þann 23. maí kl. 14:30 í Kvenfélagsreitnum þá mun sveitarfélagið skrifa undir samning með Landlæknisembættinu um að gerast heilsueflandi samfélag. Landlæknir sjálfur, Alma Möller, mætir á svæðið og eru allir velkomnir á viðburðinn.



Fögrusteinar

Túnfang

Bændur athugið!

Nú styttest í vorið og gott að fara að huga að vorverkum.

Við tökum að okkur jarðvinnu, sáningu, áburðardreifingu.

Erum t.d. með 8 m pinnatætara og fullkominn tölvustýrðan áburðardreifara.

Svo í sumar þegar kemur að heyskap getum við gert allt sem gera þarf s.s. slá , snúa, raka, rúlla, binda stórbagga og gera stæður.

Upplýsingar í síma **8941130 Siggí** einnig má senda fyrirspurnir á netfangið **fogrusteinar@fogrusteinar.is**

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

grannaland@simnet.is

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

SS.FRÉTTIR....

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, var haldinn föstudaginn 29, apríl sl. að Goðalandi í Fljótshlíð. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannahreppi voru: Bjarni Valur



Skipholti, Jón Berghyl, Eiríkur Grafarbakka(vara deildarstjóri) auk Jóhönnu deildarstjóra. Góður viðsnúningur til hins betra varð á rekstri samstæðunnar, fyrir árið 2018. Heldur hefur birt til í afsetningu lambakjöts, og von um að hækkun afurðaverðs, gæti orðið að veruleika á komandi hausti. Ég gekk úr aðalstjórn, eftir 5 ára setu, en Guðrún í Bræðratungu hlaut kosningu í minn stað. Þá var Esther á Sólheimum kjörin aðalskoðunarmaður. Ég vil benda fólki á heimasíðu Sláturfélagsins, þar sem fleiri fréttir er að finna. Kærar þakkir fyrir góð samskipti við félagið, og megi þau eflast og dafna. Kærar kveðjur Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Skemmtiferð félags eldri Hrunamanna.

Kæru félagar. Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars, viljum við minna á skemmtiferðina, sem verður farin mánudaginn 24. Júní.

Lagt af stað frá Flúðum kl.9.30.


Ekið um suðurströndina til Grindarvíkur og komið við á ýmsum áhugaverðum stöðum á leiðinni. Í Grindavík munum við fá okkur miðdegishressingu og í lok ferðar munum við borða saman kvöldverð.

Leiðsögumaður verður Jóhann Davíðsson, en hann er þául kunnugur á þessum slóðum og ævintýri að ferðast með honum, segja þeir sem reynt hafa.

Það stefnir í góða þátttöku. Pantið sem fyrst sem hafið ekki tilkynnt þátttöku nú þegar.

Með félagskveðjum.

Bubba og Magnús hs.4866670 eða
8623674



Frá Hrunasókn.

Á aðalfundi Hrunasóknar sem haldinn var 15. apríl sl. urðu mannbreytingar í sóknarnefndinni. Unnsteinn Hermannsson í Langholtskoti gaf ekki kost á sér áfram eftir 17 ára setu í nefndinni. Hans handtök hafa verið mörg fyrir sóknina og þá sérstaklega í kirkjugarðinum. Hann hefur verið boðinn og búinn að lána tæki og tól, koma með mold og þökur og gefa af tíma sínum í að lagfæra og fegra garðinn á einn eða annan hátt í öll þessi ár. Eins hefur hann alltaf verið til staðar þegar grafir hafa verið teknar í garðinum og passað uppá að allt sé í lagi á útfarardegi. Allt hefur þetta verið unnið í sjálfboðavinnu og er það algerlega ómetanlegt. Honum eru þökkuð vel unnin störf. En undirrituð er ennþá formaður, Jóhanna á Hrafnkelsstöðum gjaldkeri, Jóhann Marelsson ritari, Valný í Skipholti meðstjórnandi og Guðjón Bjarnar Gunnarsson nýr meðstjórnandi. Varamenn í sóknarnefnd eru Ragnheiður Karlsdóttir og Lilja Helgadóttir. Nýjir inn í varastjórn komu þeir Þorvaldur Jónasson, Magnús Víðir Guðmundsson og Kristján G. Þórðarsson. Öll sóknarnefndin skiptir með sér að þrifa kirkju og safnaðarheimili.

Marta Esther Hjaltadóttir.

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Söngsveitin Tvennir tímar halda vortónleika sína
sunnudaginn 12.maí kl. 15.00,í félagsheimilinu á Flúðum.
Stjórnandi Stefán Þorleifsson. Fjölbreitt dagskrá og léttar
veitingar



Söngsveitin Tvennir tímar á kóramóti
í Hveragerðiskirkju.

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Vinnudagur í Hrunakirkjugarði 11.maí frá kl. 13-17.
Þennan dag verður almenn tiltekt í kirkjugarðinum, lagfæring á leiðum og
hreinsun trjábeða. Sóknarnefndin verður á staðnum með einhver verkfæri,
mold og þökur. Aðstandendur sem vilja aðstoð við lagfæringu leiða eru
beðnir um að hafa samband við undirritaða. Eins hvetjum við alla til að
mæta sem áhuga hafa á að hjálpa til við að gera fallegan garð fallegri.
Margar hendur vinna létt verk. Kaffi á könnunni og jafnvel kökubiti.
Sjáumst.

Fyrir hönd Hrunasóknar
Marta s: 8996412



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokun.
Tímappantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðapjónustu
og viðburði í Uppsveitunum



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími Vetur 2019

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga : 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

Sumarblóm til sölu!

**Fjölbreytt úrval sumarblóma,
Hengiplöntur margir litir.**

**Til sölu að garðyrkjustöðinni Varmalæk.
(Við hliðina á dúkkusafninu.)**

Uppl. 867-8119

Verið velkominn.

A.T.H. Enginn posi.

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldisilungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafríar mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melur, Flóðum
Hrunamannshrepp

@litlamelabudin
www.facebook.com/litlamelabudin/





Farmers Bistro
Garðastíg 8, 845 Flúðir
booking@farmersbistro.is
Sími 519-0808
Opíð 12:00-17:00



**Ketóhamborgari - 145gr Kjöt frá Koti
með fersku grænmeti, osti, sýrðum rjóma,
salsa úr íslenskum tómötum, guacamole
og chorizo**

Orkuskipti á Kili

Fulltrúar sveitarfélaga ásamt forsætisráðherra, voru viðstaddir hjá Rarik þegar verkefnið var kynnt

Rarik mun leggja 24 kv rafstreng í jörð frá Bláfellshálsi norðan við Gullfoss, í Árbúðir, Gíslaskála, Kerlingarfjöll og að Hveravöllum. Verkefnið hefur verið nefnt „Orkuskipti á Kili“ og verður stór áfangi í loftslags og öryggismálum á hálendinu.



Fréttamannafundur hjá Rarik
Ljósmyndari:
Arnar Valdimarsson

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2019

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2019. Þetta er átjándi sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema ferðirnar 29.06. og 31.08. sem eru dagsgöngur. Frítt er í allar göngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í Stóru-Laxár gönguna. Leiðsögumenn í ferðunum í samvinnu við heimafólk verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Allar ferðir verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur á facebooksíðunni “Gönguferðir í Hrunamannahreppi”.

1. ferð er 5. júní. Núpstúnskista

Lagt af stað kl. 20:00 frá hlaðinu í Núpstúni. Gengið inn með fjallinu og fíkrað sig upp á Núpstúnskistu og gengið fram á Nípuna. Falleg leið og nokkuð auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst. Margrét Larsen í Núpstúni leiðir gönguna.

2. ferð 12. júní. Berghylur - Grænimúli - Djúpidalur

Lagt af stað kl 20:00 frá Berghyl. Þaðan er gengið upp á Berghylsfjall og inn með fjallinu. Uppi á fjallinu er mjög fallett og víðsýnt til allra átta. Þetta er þægileg ganga í fallettu grónu landsvæði sem ekki er í alfaraleið. Áætlaður göngutími er 2 -3 klst. Sigurjón Snær Jónsson á Berghyl leiðir gönguna.

3. ferð 19. júní. Miðfell

Lagt af stað kl 20:00 frá bílastæðinu við Þjóðveginn (þegar komið er framhá Hellisholta-afleggjara þegar komið er frá Flúðum). Af Miðfelli er mikið og fagurt útsýni. Gangan upp er frekar brött en farið verður rólega og þegar upp er komið er þægileg ganga kringum vatnið. Áætlaður göngutími 2 – 3 klst.

4. ferð er 26. júní. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

5. ferð er 29. júní. Kaldbakur - Hrunakrókur, dagsganga

Gangan hefst kl. 13:00 frá Kaldbak. Gengið er um nokkuð góðar götur, meðfram Kaldbaksvatni og inn að Hrunakrók. Þar verður sögustund og tækifæri til að borða nesti. Gaman er að svipast um í Hrunakrók og ganga aðeins upp með Stóru-Laxá en þar eru fallegir hyljir og bergmyndanir. Áætlaður göngutími er u.þ.b. 4 klst.

6. ferð er 3. júlí. Hörgholt - Sólheimar

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á hlaðinu á Sólheimum. Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjara framan við Hörgholt þar sem gangan hefst. Gengið verður neðan Hörgholts og þaðan meðfram Stóru- Laxá niður að Sólheimum. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallegum gljúfrum. Ganga í mishæðóttu landi með misjöfnu undirlagi sem tekur u.þ.b. 3 klst.

7. ferð er 10. júlí. Hamarsholt – Gullfoss austan megin

Gangan hefst hjá gönguleiðaskiltinu inn á Tungufellsdal. Gengið hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss. Áætlaður göngutími er 2 – 3 klst. Guðni Guðbergsson leiðir gönguna.

8. og síðasta ferð sumarsins 31. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.

Þetta er dagsganga, u.þ.b. 16 km. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 18.00 - 21.30

*Frá og með 19. apríl, er opið
alla daga frá kl. 11.00 til 21.30*

Open everyday from 18.00 – 21.30

From the 19th of April: 11.00 – 21.30

Verið velkomin!
Everyone welcome!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is



Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2019
Föstudaginn 10. maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjálts þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrkri stjórn ruslamálaráðherra, Elvars Harðarsonar Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Í lokin er þátttakendum síðan boðið í grillveislu í

Lækjargarðinum á Flúðum

Með vinsemd og virðingu,

Umhverfisnefnd og

Elvar Harðarson Ruslamálaráðherra 2019.

Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara,
í Heimalandi á Flúðum.

Skoðað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki
berast umsóknir fyrir 17. maí nk.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu

Hrunamannahrepps í síma 480 6600

eða á netfang: hruni@fludir.is



Árshátíð nemenda í 1.-7. bekk í Flúðaskóla skólaárið 2018 – 2019

Miðvikudaginn 3. apríl héldu nemendur í 1.-7. bekk í Flúðaskóla árshátíðina sína. Í ár var það leikritið „Áfram Latibær“ eftir Magnús Scheving sem þeir tóku sér fyrir hendur. Leikgerðin er að mestu leyti eftir Ásgrím Inga Arngrímsson en var örlítið stílfærð og sérsniðin að okkar nemendum. Leikverk þetta er stórt og mikið og má með sanni segja að nemendur hafi flutt það með miklum sóma, með dyggri aðstoð kennara sinna. Í Latabæ búa sannkölluð letiblóð eins og nafn bæjarins gefur til kynna. Þó stendur til að halda þar ípróttahátíð og bæjarstjórinn vinnur hörðum höndum að því að fá bæjarbúa til að taka þátt. Í Latabæ búa litríkar og ólíkar persónur. Það var mjög gaman að fylgjast með nemendum á ólíkum aldurstigum takast á við þá sköpun. Allir nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og jákvæðni, voru alltaf tilbúnir að taka æfingu, redda búningum eða koma með hugmyndir fyrir leikritið. Það er sannarlega mikið nám búið að fara fram á þeim þremur vikum sem undirbúningurinn stóð yfir. Við erum sannarlega stolt af okkar fólki. Þema leikritsins fer vel saman við Heilsueflandi samfélag, verkefni sem sett verður formlega í Hrunamannahreppi í lok maí.

Stjórnendur Flúðaskóla





Fréttir frá æskulýðsstarfi Smára og Loga.



Mikið hefur verið að gerast í æskulýðsstarfinu í vetur. Í febrúar byrjaði reiðnámskeið sem var haldið í reiðhöllinni á Flúðum, alls tóku 19 krakkar þátt og kennari var Anna Kristín Friðriksdóttir. Þessu voru 6 skipti og endaði námskeiðið með glæsilegri og skemmtilegri sýningu þar sem foreldrar fengu að sjá hvað krakkarnir höfðu lært í vetur.

Samhliða námskeiðinu var Æska Suðurlands sem er mótaröð fyrir ungt fólk sem hestamannafélög á Suðurlandi standa fyrir. Fyrsta keppnin var haldin á Flúðum og var keppt í þriggangi, fjörgangi og smala. Önnur keppnin var haldin á Hellu og þar var keppt í fjörgangi, fimmgangi og hindrunarstökki. Þriðja og síðasta keppnin var á Selfossi þar sem keppt var í tölti og fimi. Börnin frá Loga og Smára stóðu sig öll mjög vel.

Í apríl var svo haldið reiðnámskeið, Hestaskóli á Húsatóftum. Það er byrjendanámskeið fyrir börn og innifalið var hestur og reiðtygi. Hentar þetta fyrirkomulag vel fyrir krakka sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni. Alls voru þetta fjögur skipti og 16 krakkar sem tóku þátt. Kennari var Elin Moqvist.

Við viljum líka minna á reiðnámskeið í Hrísholti 10-14 júní. Brokk og Skokk 16 júní. Fjölskylduferð með gistingu í Fossnesi 22 júní.

Læt nokkrar skemmtilegar myndir fylgja með.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Smára og Loga, Elin Moqvist.







Firmakeppni Smára var haldin 1.maí. Þátttaka var mjög góð eða um 60 skráningar, enda veðrið gott og fjölmenntu félagar til þess að taka þátt eða horfa á. Stjórn Smára vill þakka öllum þeim sem keyptu firma í ár fyrir þeirra stuðning. Dómurunum þeim Birgittu Bjarnadóttir og Þorgeiri Ólafssyni, þulinum Sigurði í Skollagróf, hollvinum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg til þess að hjálpa okkur með þessa Firmakeppni. Gaman var að sjá góða þátttöku í öllum flokkum og var hestakosturinn mjög góður. Í lok móts bauð hestamannafélagið upp á grillaðar pylsur og fóru allir saddir og sáttir heim í vorblíðunni. Stjórn Smára þakkar fyrir góðan dag og hlökkum til þess að sjá ykkur öll að ári ☺

Firmakeppni, börn



Firmakeppni, heldri menn og konur



Firmakeppni, karlar



Firmakeppni, konur



Firmakeppni ungmenni



Firmakeppni, unglingar



Úrslit Firmakeppni Smára 2019

Pollaflökkur

Ragna Magrét Larsen, Bylur 23 v.

Guðmundur Jóhann Aðalsteinsson, Prinsessa 15 v.

Syndri Þór Stefánsson, Elísa 6v.

Filip Ingvi Stefánsson, Krummi 15 v.

Páll Axel Axelsson, Varða 10 v.

Svava Marý Þorsteinsdóttir, Spuni 17 v.

Hildur Kristín Gísladóttir, Hekla 15 v.

Barnaflokkur

1.sæti Aron Mímír Einarsson Tígulstjarna frá Bakka – Miðfellshestar, Adda og Einar Logi

2.sæti Fríða Rún Eiríksdóttir Selja frá Vorsabæ – Fögrusteinar

3.sæti Darri Steinn Einarsson Muggur frá Kaldbak – Hænsnahöllin Húsatóftum

4.sæti Svana Hlín Eiríksdóttir Gjóska frá Vorsabæ – Ólafsvellir ehf

Unglingaflokkur

1.sæti Aron Ernir Ragnarsson Váli frá Efra-Langholti -Verslunin Árborg

2.sæti Þorvaldur Logi Einarsson Stjarni frá Dalbæ – Hrossaræktunarbú Hlemmsikeiði 3

3.sæti Þórey Þula Helgadóttir Gjálp frá Hvammi – Selásbyggingar ehf

4.sæti Melkorka Gunnarsdóttir Náma frá Gvenstang – Nagdýraræktun Svönu og Fríðu

Ungmennaflokkur

1.sæti Thelma Dögg Tómasdóttir Elísa frá Húsavík – Björgvin Ólafsson frá Bala

2.sæti Anne Sofie – Hnjúkur frá Vorsabæ 2 – Þrándarholt sf

3.sæti Sophie Dölchner Rás frá Ármóti – Skeiðháholt 3 ehf

4.sæti Rebekka Simonsen Elding frá Tjarnarkoti – Gröfutatæni

Kvennaflokkur

1.sæti Rósa Birna Þorvaldsdóttir Hrönn frá Hlemmsikeiði – Túnsbergsbúið

2.sæti Kristín Magnúsdóttir Sirkus frá Garðshorni – Hrossaræktunarbúið Kálfhóli 2

3.sæti Berglind Ágústadóttir Ísar frá Efra-Langholti – Ingvar og Svala Fjalli

4.sæti Erna Óðinsdóttir Sólon frá Völlum – Boletta Hæli

5.sæti Elísabet Thorsteinsson Hrönn frá Hörgslandi – Reykhóll ehf

Karlaflokkur

1.sæti Helgi Kjartansson Kraki frá Hvammi – Hlemmsikeið 2 ehf

2.sæti Tómas Órn Tómasson Dúett frá Torfunesi – Land og Hestar

3.sæti Jón Bjarnason Aría frá Skipholti 3 – Ferðaþjónustan Steinsholti

4.sæti Einar Logi Sigurgeirsson Saga frá Miðfelli – Secret local adventures

5.sæti Bjarni Birgisson Uriði frá Blesastöðum 2a – Ásólfstaðir hollyday home

Heldri manna og kvenna flokkur (50+)

1.sæti Elsa Ingjaldsdóttir Þrymur frá Langholti – Stefán Jónsson Hrepphólum

2.sæti Ása María Ásgeirsdóttir Blæja frá Kaldbak – Fannborg,hálendismiðst.Kerlingarfjöll

3.sæti Guðbjörg Jóhannsdóttir Teigur frá Ásatúni – Fossi ehf

4.sæti Grímur Guðmundsson Dáð frá Ásatúni – Kópvatnsbúið

5.sæti Unnur Lía Schram Fornadís frá Fornustöðum – Urðarholt hrossarækt

Skeið

1.sæti Jón William Bjarkarson Vaka frá Ásbrún – Tómas Þórir Jónsson

2.sæti Bjarni Birgisson Stormur frá Reykholti – Halla og Bikki Hæli

3.sæti Aron Ernir Ragnarsson Bið frá Nýja-Bæ – Sauðakofinn Fossnesi

4.sæti Elísabet Thorsteinsson Hrönn frá Hörgslandi – Kjöt frá Koti

Akrílmálun ehf
Auðsholtbúið
Glæsineglur Kristínar
Álftröð gistiheimili
Ásaraf
Ásólfstaðir hollyday home
Baldvin og Þorvaldur ehf
Thelma og Sigrún Kálfhóli
Bjarni og Lára Blesast.2A
Varmalækur
Bolette Hæli
Bólfélagar
Vallarfoss ehf
Vélaverkstæði Einars
Vörðufell ehf
ÞH Hestar ehf
Verslunin Árborg
Þrándarholt sf
Þverspyrna
Ferðabjónustan Steinsholti
Félagsheimilið Flúðum
Flúðajörfi
Flúðasveppir
Secret local adventures
Folaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum
Fossi ehf
Fannborg,Hálendismiðst. Kerlingarfj
Fögrusteinar
Garðyrkjustöðin Hvammur II
Gröfútækni
Farmers Bistro
Riding tours Iceland
Halla og Bikki Hæli
Hús og stigar
Hænsnahöllin Húsatóftum
Tómas Þórir Jónsson
Hlemmiskeið 2 ehf
Hrossaræktarb. Efri Brúnavöllum 1
Hófadynur ehf-Daníel Larsen
Hrafnhildur og Oddur Stöðulfelli
Verslunin Árborg
Hrepphólabúið
Hrossaræktarbúið Hlemmiskeiði 3
Hrossaræktarbúið Kálfhóli 2
Hrossaræktarbúið Miðfelli 5
Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2
Hrunamannahreppur
Hrúastían Ósabakka
Hvítárdalur Jón Bjarnason
Hulda og Dóri, Hrepphólum

Hrossaræktin Hvammi 1
Högnastaðabúið
Ingvar og Svala Fjalli
Íslenskt grænmeti
Íþróttahúsið Flúðum
Jörðin Jaðar 2
Urðarholt hrossarækt
Jón og Þorgeir Efri Brúnavöllum
Kílhraun.is
Kjöt frá Koti
Korngrís frá Laxárdal
Kópsvatnsbúið
Magnús Víðir Guðmundsson
Kúabúið Kotlaugum
Verslunin Árborg
Land og hestar
Svína og fjárbúið Haga 2
Landstólpi ehf
Reiðskólinn Vestra-Geldingaholti
Magga og Palli, Núpstúni
Vesturkot
Miðfellshestar, Adda og Einar Logi
Neslaug
Nagdýraræktun Svönu og Friðu
Hugur og list
Ólafsvellir ehf
Pizzavagninn
Syðra Langholt 6
Stefán Hrepphólum
Reykírfir
Rósa Birna Þorvaldsdóttir
Sauðakofinn Fossnesi
Sauðfjarræktarbúið Syðra-Langholti
Selásbyggingar ehf
Reykhóll ehf
Steinsholtsbúið Gunnar
Sigurður Kárason Öxl
Skarðsbúið
Skeiðháholt 3 ehf
Björgvin Ólafsson Bala
Híalín silkiprent vinnustofa
Túnsbergsbúið

FIRMAKEPPNI SMÁRA 2019





Matseðill Farmers Bistro

Aðalréttir

Sælkerahláðborð - kaffi & te innifalið	2.390 kr.
<i>Innifalið í sælkerahláðborði er sveppasúpa með hvítum matarsveppum, kastaníasveppum og portabelle sveppum. Heimabakad hvítlauksbrauð, sírdagabrauð og byggbrauð. Paprika- og chili sulta, smjörsteikur sveppir með timian, papriku- og sveppa tapenade, smrennir sveppir, smjör, sveppasmjör og hvítlauksmjör.</i>	
Kjúklingsalat með engifer- og chili dressingu	2.490 kr.
Lambasveppabaggi með fersku salati og kaldri kryddjurtu dressingu	2.490 kr.
Portabellaborgari með fersku grænmeti og hvítlauks- og basilósu NÝTT!	2.490 kr.
Ketóborgari 140 gr Kjöt frá Koti með fersku grænmeti, osti, sjrðum rjóma, Salsa úr Íslenskum tómötum, guacamole og chorizo NÝTT!	2.190 kr.
Grænmetisbuff með fersku salati & hvítlauksbasilósu	2.100 kr.
Barnaréttir	990 kr.

Eftirréttir

Sveppafé	1.190 kr.
Gulrótartí	1.190 kr.
Gulrótur/byggkaka með ostakremi & gulrótur marmeláði	1.190 kr.

Drykkir

Georg - ferskur gulrótardrykkur	950 kr.
Georg mildi - ferskur gulrótarkokteill	1.500 kr.
Frídrök mildi - paprika breannivins snafs	1.050 kr.
Ísafold gin & tonic	1.590 kr.
Hvítvín og rauðvín	1.390 kr.
Bjór	950 kr.
Bjór frá Ölvisholti	1.200 kr. / 1.400 kr.
Gos	350 kr.
Appetítisusafi og eplasafi	250 kr.
Kaffi og te	350 kr.

ÍBÚAFUNDUR!!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum **mánudaginn 13. maí nk.**

kl. 20:00.

Kynntar verða niðurstöður ársreiknings 2018.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á

heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is

1. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði ársreikningsins.
2. Heilsueflandi samfélag. Á fundinn mætir Gunnar Gunnarsson verkefnastjóri og kynnir verkefnið
3. Umræður og önnur mál.



Sveitarstjórn Hrunamannahrepps